

Alþingi
Erindi nr. P 141/1419
komudagur 8.2.2013



8.2.2013
1B2/1A3g/8/345/LÓ/ló

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu lögum um sjúkraskrár (aðgangsheimildir).
Þingskjal 639 - 497 mál.**

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) þakkar fyrir að fá tækifæri til að gera athugasemdir við frumvarpið.

Æskilegt hefði verið að HH hefði verið fengin til samráðs við gerð frumvarpsins þar eð nokkuð hefur reynt á tvö atriði sem núgildandi lög ná ekki nægilega vel til eða taka alls ekki á eins og æskilegt væri.

Í fyrsta lagi vill HH gera athugasemd við 3. gr. frumvarpsins, sem á við um 15. gr. gildandi laga þar sem fjallað um aðgang náins aðstandanda að sjúkraskrá látins einstaklings. Í lögnum segir að „*Mæli ríkar ástæður með því er umsjónaraðila sjúkraskrár heimilt að veita nánnum aðstandanda látins einstaklings, svo sem maka, foreldri eða afkomanda, aðgang að sjúkraskrá hins látna með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum hlutaðeigandi.*“
Liggi vilji hins látna ljós fyrir er engum vandkvæðum bundið fyrir umsjónaraðila sjúkraskrár að fylgja honum.

Hins vegar þegar vilji hins látna liggur ekki fyrir er ákaflega vafasamt að ætla umsjónarmanni sjúkraskrár að meta mikilvægi þeirra hagsmuna sem liggja að baki beiðninni. Umsjónarmaður sjúkraskrár er ekki í sérstaklega góðri aðstöðu til að meta hagsmuni umsóknaraðila og að sannreyna þá. Þá geta verið deildar meiningar milli aðstandenda um hvort veita eigi slíkan aðgang og eru slík tilvik þekkt hjá HH einkum vegna erfðamála.

Annað atriði er varðar þessa lagagrein er að ekki er á ótvíræðan hátt gert ráð fyrir að takmarka megi aðganginn við ákveðnar upplýsingar og þá við atriði sem snerta þá hagsmuni sem um er að ræða

Því telur HH æskilegt að í málum sem 15. gr. laganna nær yfir skuli koma ákvæði um að dómsúrskurður liggi fyrir áður en upplýsingar eru gefnar úr sjúkraskrá og í úrskurðinum skuli tiltekið hvers konar upplýsingar má gefa. Því leggur HH til að núgildandi 15. gr. verði breytt í þá veru að liggi heimild látins einstaklings ekki fyrir um aðgang aðstandanda að sjúkraskrá

hans skuli dómari úrskurða hvort og þá hvaða upplýsingar aðstandandi geti fengið úr sjúkraskrá látins einstaklings og hvernig megi nota þær.

Í öðru lagi vantar grein í löginn þar sem fjallað er um aðstæður þar sem óskað er heilsufarsupplýsinga um sjúkling sem er á lífi og hefur fullt lögræði en af heilsufarsástæðum ófær um að veita heimild til upplýsingagjafar úr sjúkraskrá sinni.


Í þessum tilvikum er yfirleitt er um að ræða fólk með heilabilun. Öllum sem til þekkja er ljóst hvert ástand viðkomandi er. Hins vegar er óskað læknisvottorðs til þess að staðfesta hvert andlegt ástand viðkomandi er svo framkvæma megi fyrirbyggjandi gjörning. Ættingjum og lögmönnum þeirra finnst þetta vera formsatriði sem ætti ekki að tefja framgang málsins. Finnst það vera þvergirðingsháttur að hafna slíkum beiðnum um vottorð þar sem öllum sem til þekkja er ljóst hvert andlegt ástand viðkomandi er og því tæpast um vel varin leyndarmál að ræða.

Samkvæmt lögum mega lækna ekki votta um ástand sjúklings nema með hans leyfi eða lög bjóði annað. Í þessum tilvikum getur og hefur orðið ágreiningur meðal aðstandenda um hvort veita eigi aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrá og því eðlilegast að fyrir liggi dómsúrskurður í slíkum málum. Það er alls ekki hlutverk lækna að vega og meta fjárhagslega hagsmuni aðstandenda sjúklings. Erfðamál eru mál sem bjóða upp á ágreining og togstreitu og því réttast að aðilar sem til þess hafa rétt vegi og meti hagsmuni og skeri úr um ágreining. Einnig er rétt að undirstrika að trúnaður læknis er við sjúklinginn og óþarfi að gera þau skil óljós með því að fá honum í hendur úrskurðarvald sem hann getur með engu móti rækt svo vel sé. Því leggur HH til að ný grein verði sett í löginn sem hljóði eitthvað á þessa leið:

Nákominn aðstandandi lifandi einstaklings sem er ófær um að gæta hagsmuna sinna getur óskað upplýsinga úr sjúkraskrá hans. Skal málið lagt fyrir dómara og sker hann úr um hvort umbeðnar upplýsingar verði veittar með hliðsjón af hagsmunum sjúklings og umbeiðanda upplýsinganna.

Varðandi 5. gr. frumvarpsins telur HH rétt að tryggja að þau kerfi sem aðgangur er veittur að hafi innbyggt kerfi sem skráir hvers konar meðferð upplýsingar sem í kerfinu eru geymdar hafi fengið. T.d. ef afritun hafi átt sér stað sjáist það og hver og hvað hafi verið afritað.

Virðingarfyllst,
v/ Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins,


Lúðvíf Ólafsson
lækningaforstjóri